

## ✉ Landfylling í Nýja Skerjafirði - matsáætlun

Búið til	2.10.2020 12:05:44
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	2.10.2020 12:05:43
Tilheyrir	📁 202009-0030 - Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Tillaga ásamt umhverfisskýrslu

### Efni

Landfylling í Nýja Skerjafirði - matsáætlun

### Upplýsingar

Sent	2.10.2020 12:05:43	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	tinna@skipulag.is, egill@skipulag.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 202009-0030 (TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 14. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir landfyllingu í Skerjafirði, verkefni sem kallað er Nýi Skerjafjörður.

Í matsáætluninni í kafla 3. kemur fram að framkvæmdin eigi að uppfylla m.a. markmið í aðalskipulagi Reykjavíkur um þéttingu byggðar, þróunarsvæði þ5 kallað Nýi Skerjafjörður. Svo virðist vera sem að forsendur fyrir þéttingu byggðar sé umrædd landfylling og aðeins gefinn einn valkostur. Einnig er bent á að þessi valkostur tengist öðrum framkvæmdum þ.m.t. byggingu Landspítalans, þ.e. þörf á að losa sig við efni. Náttúrufræðistofnun verður að benda á að þó eitt markmið í aðalskipulagi sé að þetta byggð þá eru mörg önnur markmið í aðalskipulaginu s.s. að vernda náttúru og stuðla að sjálfbærri þróun í Reykjavík o.s.frv., verða þau markmið ekki rakin frekar hér. Að mati Náttúrufræðistofnunar er það ekki ásættanlegt að landfylling í Skerjafirði sé eini valkosturinn fyrir þéttingu byggðar eða losun á efni. Það er því mat Náttúrufræðistofnunar að vel megi þetta byggð þó ekki sé um leið gengið enn frekar á fjörur og lífríki þeirra í Reykjavík. Ef markmið um þéttingu byggðar, Nýja Skerjafjarðar, er eyðilegging núverandi Skerjafjarðar þá þarf að hugsa skipulagmál á svæðinu og annarsstaðar upp á nýtt. Náttúrufræðistofnun gerir sér fulla grein fyrir því að umrædd landfylling er lítill hluti af Skerjafirði en það hefur í mörg undanfarin ár sífellt verið að bætast við skerðingar á fjörum á Höfuðborgarsvæðinu og því fyllsta ástæða til að skoða aðra möguleika á þéttingu byggðar eða losun á efni. Framangreind framsetning um markið og aðgerðir er allt of mikil einföldun á verkefninu.

Að öðru leiti telur Náttúrufræðistofnun, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í matsáætluninni sé gerð gein fyrir þeim náttúrufarsþáttum sem fjalla þarf um í frummatsskýrslu að undanskilinni jarðfræði svæðisins sem gera þarf grein fyrir.

Meðfylgjandi eru til upplýsingar tvær umsagnir Náttúrufræðistofnunar um sama mál frá 22. janúar sl. og 22. júní sl.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (<mailto:trausti@ni.is>)



## Viðhengi

Brú-yfir-Fossvog-Umsögn-NÍ-dags-22.jan-2020 (1).pdf (44 KB)

image001.gif (2 KB)

NI-umsögn-adalsk-drog-NyiSkerjafjordur-22.06.2020.pdf (924 KB)